

Skal fé sjóðsins jafnan geymt í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands eða öðr- 83
um veðvaxtabréfum jafntryggum, er koma kunna í þeirra stað, ef veðdeild Lands- 15. júní
bankans yrði lögð niður. Þó skulu smáupphæðir, sem kunna að vera umfram vaxta-
bréfafúlgú sjóðsins á hverjum tíma, geymast í sparisjóði Landsbankans á Ísafirði.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vera til styrktar fátækum sjúklingum á sjúkrahúsi Ísafjarðar, án tillits til þess hvaðan sjúklingar þessir eru. Til styrkveitinga má verja allt að $\frac{3}{4}$ hlutum af ársvöxtum sjóðsins, en $\frac{1}{4}$ hluti vaxtanna skal jafnan lagður við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn kr. 50000.00. Úr því má verja $\frac{1}{10}$ hlutum af vöxtum hans til styrkveitinga, en $\frac{1}{10}$ hluti leggist jafnan við höfuðstólinn.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafir, áheit og vextir af eignum hans. Reikningshaldari sjóðsins er bæjarfógetinn á Ísafirði, eða sá er kemur í hans stað, ef því embætti kynni að verða breytt. Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í Lögbirtingablaðinu, endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum bæjarreikninga Ísafjarðarkaupstaðar. Reikningshaldari sjóðsins, læknir sjúkrahúss Ísafjarðar, og sóknarpresturinn á Ísafirði hafa á hendi úthlutun styrktarfjár úr sjóðnum.

5. gr.

Fyrsta úthlutun á styrk úr sjóðnum skal fara fram 13. desember 1957, en þann dag eru liðin 50 ár frá fæðingu Jóhönnu Bjarnadóttur. Eftirleiðis skal úthluta styrknum hinn 13. desember ár hvert.

6. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Ísafirði, 19. maí 1939.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veðifélag Straumfjarðarár.

84

15. júní

1. gr.

Félagið heitir Veðifélag Straumfjarðarár. Heimili þess og varnarþing er að Fáskrúðarbakka í Miklaholtshreppi.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni með því:

1. að stunda laxaklak,
2. að leigja ána til stangaveiði eða að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn sam-
eiginlega á einum eða fleiri stöðum, ef henta þykir.

3. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til laxveiði í Straumfjarðará. Félagsmenn eru allir ábúendur eða eigendur jarða þeirra, sem lönd eiga að ánni, en þær eru:

Hrisdalur, Dalur, Hofstaðir, Straumfjarðartunga, Borgarholt, Fáskrúðarbakki, Stakkhamar og Laxárbakki.

84 Takmörk félagssvæðisins að neðan eru þar, sem áin rennur fyrir löndum neðstu
15. júní jarðanna, allt í sjó fram, en að ofan við upptök árinna, þar sem hún fellur úr Baul-
árvallavatni.

4. gr.

Oheimilt er öllum að veiða lax í á þessari, nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar.

Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja ána, eða hluta af henni, einstökum mönnum eða félögum, til stangaveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs, nema lögmætur fundur samþykki, og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.

6. gr.

Félagið starfrækir laxaklak á þeim stað eða stöðum, sem félagsstjórn velur í samráði við fiskimálaráðunaut, eða sér á annan hátt um að klak verði sett í ána. Kostnaði þeim, sem af þessu kann að verða, skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins til tekur.

7. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn: formaður og tveir meðstjórnendur, og skal hún sjálf velja sér formann. Stjórnin skal kosin á aðalfundi til þriggja ára í senn. Sá sem fyrstur hefir verið valinn formaður, skal ganga úr stjórninni eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn skal svo ganga úr með hlutkesti eftir tvö ár, og hinn svo á þriðja ári. Úr því skulu stjórnendur ganga úr í sömu röð árlega.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema alveg sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn félagsins í 3 ár samfleytt.

8. gr.

Stjórnin hefir á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún hefir og eftirlit með því, að samþykkt félagsins sé hlýtt, og má ráða mann sér til aðstoðar, þó án kostnaðar fyrir félagið.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við, og hefir yfirumsjón með störfum þess og öllum fjárreiðum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum.

9. gr.

Aðalfundur heldur félagið í janúar ár hvert, í fyrsta sinn í janúar 1940. Aðalfundur er lögmætur ef hann er boðaður skriflega með minnst þriggja daga fyrirvara og sé fundarins og efni hans getið í fundarboði.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári.

Þar leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Auk stjórnar kýs og aðalfundur tvo endurskoðendur félagsreikninganna. Hann kveður og á um laun stjórnar og annara starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingar á samþykktum sé að ræða eða félagsslit.

10. gr.

Aukafundur heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til, eða ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess, og tilgreinir fundarefni.

11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram til úrskurðar.

84

15. júní

12. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur hefir samþykkt og undirrituð er að minnsta kosti af $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Gildir hún til 5 ára í senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að þeim tíma liðnum, gildir hin gamla áfram. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

Tekjum félagsins skal skipt eins fljótt og unnt er, þá er þær hafa borgazt inn.

13. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 100—500 kr., og veiði eða andvirði hennar, svo og veiðitæki skulu gerð upptæk og verða eign félagssjóðs.

14. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema $\frac{2}{3}$ mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

15. gr.

Félaginu má slíta, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það. Eignum félagsins eða skuldum, sem þá kunna að verða, skal jafnað niður samkvæmt arðskrá.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. júní 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Straumfjarðarár í Miklaholtshreppi, samþykkt á stofnfundi félagsins að Fáskrúðarbakka 25. apríl 1938.

85

15. júní

Öllum tekjum og gjöldum félagsins skal skipta á milli jarða þeirra, sem félagssvæðið tekur yfir, í eftirtöldum hundraðshlutföllum:

Dalur	16 %
Hrísdalur	16 —
Hofstaðir	9 —
Straumfjarðartunga	9 —
Borgarholt	16 —
Fáskrúðarbakki	16 —
Stakkhamar	9 —
Laxárbakki	9 —

Alls 100 %